

Nr. 22 - 024 S 020 Kap VE 4***Skipverji slasast***

Skipaskr.nr. 1742
IMO 8612378
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Póllandi, 1987, stál.
Stærð: 1410,6 BT
Mesta lengd: 66,74 m Skráð lengd: 60,29 m
Breidd: 11,0 m Dýpt: 8,0 m
Vél: Wartsila 4140 kW 2000.
Fjöldi skipverja: 12



Kap©Hólmgeir Austfjörð

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. október af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17.febrúar 2022 var Kap VE 4 á nótaveiðum út af Suðurlandi. Veður: Gola, ládaður sjór.

Skipverji var að draga blýtein í nótakassa þegar 130 cm gúmmíklædd járnrim losnaði úr milliblokk og féll á hann. Skipverjinn slasaðist á mjöðm og vinstra hné.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Rimin vóg u.þ.b. 8 – 10 kg.
- Milliblakkir af þessari gerð eru framleiddar á Íslandi og voru algengar á skipum hér áður fyrr.
- Rimin sem er gúmmíklædd er boltuð við blokkina og þjónar því hlutverki að spyrna (veita mótstöðu) gegn því að nótin renni til baka á móti snúningsátt.
- Álitid er að rimin hafi losnað öðru megin án þess að skipverjar tækju eftir því.
- Rimin losnaði svo alveg og féll þá niður í rennu og þaðan í nótakassann þar sem skipverjinn var að störfum.
- Skipverjinn hélt áfram störfum út daginn en var frá vinnu eftir það.
- Öryggisstjórnunarkerfi og öryggisnefnd voru um borð í skipinu.
- Ítrekað var reynt að hafa samband við hinn slasaða en án árangurs.



Mynd 1 (rim á kraftblökk)



Mynd 2 (rimin sem losnaði frá)

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.